



Pallborðsumræður í Porto 1994

Clemente:

Þjálfari veður að þekkja allar aðstæður leikmanna:

líkamlegar

mannlegar

persónueinkenni

Öll kerfi eru fullkomin, fer eftir hæfileikum og eiginleikum leikmanna

Greina kerfin betur

Önnur lið varla heimsmeistarar með 4-4-2 eins og Brasilía lék

Brasilía getur haldið boltanum í 70-80% af leiknum. Sá sem ekki getur það, getur ekki leikið þetta kerfi.

Taka með í reikninginn að eigið lið verður alltaf að vera betra en andstæðingurinn

Lykillinn að hugsun þjálfarans: hverjir eru veikleikar andstæðingsins

Þjálfarar eiga að hugsa meira um vörn en sókn því vörn er mikilvægari. Ef vörn er

ekki góð vinnur lið ekki leik. Lið sem sækir vel en verst illa er ekki gott og öfugt.

Mikilvægt er að fótboltinn er hreyfing, aukaatriði hvort leikið er 4-4-2 eða 4-3-3 en kerfi þarf að vera til að geta talað saman

Frjálsræði í sköpun, hugmyndaflug mikilvægt í sókn

Hægt að æfa ákveðin atriði í sókn en hið óvænta ræður

Gáfur ráða gjörðum, t.d. horn og aukaspurnur

Agi er mikilvægur í vörn

Parreira aðspurður hvort Brasilía hefði orðið heimsmeistari án Romario og Bebeto:

Taktík í fótbolta er ekki annað en að nýta hæfileika leikmanna. Án þeirra tveggja hefði þurft meiri ábyrgð á miðjunni, annað skipulag, sóknartengiliði til að skora. Þess vegna var Rai notaður eins mikið og hægt var.

Parreira aðspurður hvort leikmenn hafi verið valdir eftir kerfinu eða hæfileikum (t.d. Valdo og Ronaldo):

Hæfileikar eru ekki nóg, sbr. HM '82. Nú var allt í lagi; ytri og innri aðstæður.

Hæfileikar og persónueinkenni leikmanna voru virt. T.d. fara Romario og Bebeto aldrei aftur fyrir miðju og fáránlegt væri að breyta því. Þess vegna voru Dunga (í sókn) og Mauro Silva (í vörn) á miðjunni; hugmyndafræðin var í lagi.

Parreira aðspurður um taktíska veikleika í brasilíska liðinu, ef einhverjir væru:

Vinna boltann fyrr og koma aftur í vörn. Jafnvægi á milli varnar og sóknar. Mikilvægt að leika fyrir gula litinn.

Betra fyrir landslið ef öll félagslið leika sama kerfi. Flest lið í Brasilíu leika 4-4-2.

Hiti ekki vandamál á HM.

Parreira:

Skipulagðir

Í formi

Í sókn: leika eins og við erum vanir

Leikstíll:

ást á boltanum, ást á leiknum, tilfinning fyrir leiknum

Merkja hreyfingar leikmanna á völlinn

Hafið sannfæringu og haldið ykkur við hana



Hodgson aðspurður um hvort hann hafi breytt hæfileikum leikmanna eða hugsunarhætti:

Ekki viss um að hægt sé að breyta hugsunarhætti en með breyttum hæfileikum breytist hugsunarhátturinn.

Sviss hafði ekki komist í lokakeppnina í 28 ár. Þess vegna var mikilvægt að hugsa sem svo að það sem liðið er, er liðið. Á morgun er á morgun.

Mikilvægt að pressa af mörgum ástæðum: okkar leikmenn voru þekktir og við þurftum að vinna boltann á vallarhelmingi andstæðinganna.